

Hjólreiðaping HRÍ 14. Mars kl. 13.00 - Fundargerð

Mættir úr stjórn: Bjarni, Elsa, Guðfínnur, Árni. Varamenn úr stjórn: Gunnlaugur, Helgi Berg.

1. Bjarni formaður HRÍ setur þingið.
2. Stungið uppá 3manna kjörbréfanefnd: Arnór Barkarson, Hrönn Jónsdóttir, Sigurður Gunnarsson. Samþykkt. Safna saman kjörbréfum.
3. Kosning þingforseta: Valdimar Leó Friðriksson - samþykkt.

Valdimar setur þingið.

Boðun til þings er samþykkt og það telst því lögmætt.

4. Tillaga að ritara: Elsa og María til vara, samþykkt.
5. **Bjarni skýrsla stjórnar: Bjarni fer yfir skýrslu stjórnar - viðauki 1 - skýrsla samþykkt samhljóða.**

Kjörbréfanefnd: 43 þingfulltrúar voru boðaðir á fundinn og hafa atkvæðisrétt.

Athugasemd: það komu kjörbréf frá Drangey og 3N en þau voru ekki á upphaflega fundarboðslistanum. Það hafði misfarist en allt frágengið fyrir fundinn þannig að það er samþykkt.

Heildarfjöldi atkvæða á þinginu er þá: 26 samtals gild atkvæði á staðnum og með umboð.

6. Ársreikningar Guðfínnur - viðauki 2 og skýringar viðauki

Skoðunarmenn voru Hannes A Hannesson og Jón Kristinn Gunnarsson.

Guðfínnur fór yfir helstu liði í ársreikningi fyrir árið 2020.

Athugasemdir:

Arnór. Spurning um UCI aðildargjöld. Við erum að greiða í fyrsta skipti núna þangað.

Hallbjörn Drangey: spyr út í aukning á viðskiptakröfum. Tengist útstandi sem við eigum hjá ÍSÍ um áramót (útbreiðslustyrkur, ríkisstyrkur, lotto). Áttum inni sem dæmi 1,8m vegna 2019.

7. Ársreikningur - samþykktir samhljóða.

8. Ávarp gesta Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ.

Kveðja frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Óvenjulegt ár. Mikið um fjarfundi. Allt með öðru sniði. Þónokkuð margir fundir til að fara yfir stöðu mál vegna stuðnings við hreyfinguna. Búið að greiða töluvert af fjármunum til íþróttahreyfingarinnar.

Útbreiðslustyrkur kemur sem arður af getspá.

Ótal viðburðum síðasta árs frestað eða felldir niður eftir atvikum. Árið 2021 mun koma í ljós og fer aðallega eftir hraða bólusetninga.

Ólympíuþing sett á í maí, óvíst hvernig það mun fara fram.

Óskar okkur gjöfuls starfsárs og þakkar fyrir sig.

9. Kosning í kjörnefnd sem starfar fram á næsta þing.

Framboð í 3 manna kjörnefnd. Hrönn Jónsdóttir Tindur, Jón Kristinn Gunnarsson HFR og María Sæm Breiðablik. Samþykkt.

10. Bjarni leggur fram fjárhagsáætlun fyrir 2021 - viðauki 4

Svanur: hvers vegna svona mikið í heimasíðu.

Bjarni: erum að fara að skipta síðunni upp í upplýsingasíðu og svo skráningarsíðu

Halldór: menntun þjálfara. Er þessi tala byggð á einhverju eða bara út í loftið? Í raun út í loftið. Stefnum á að auka menntun þjálfara heilt yfir öll Aðildarfélög og eitthvað sem við gerum smátt og smátt.

Halldór: er komið plan með þjálfaramenntun? Nei ekki beint.

Arnór: styrkir til afreksmanna - er til regluverk fyrir styrki til afreksmanna? Nei það er ekki til.

Svanur: keppnisgjöld - á að fella þau niður þar sem staðan er góð hjá sambandinu? Nei það stendur ekki til.

Hallbjörn Drangey: árgjöldin til HRÍ - erfitt fyrir minni félögin sem helst ekki vilja skrá iðkendur inní Felix til að hafa þessi gjöld sem lægst. Erfitt fyrir lítil félög sem eru að byggja sig upp. Ætti frekar að hafa þetta að eingöngu þeir sem eru að keppa ættu kannski að borga þetta, ekki fyrir alla sem æfa hjá félögunum. Erfitt fyrir félög sem eru að byggja sig upp. Ábending til stjórnar til að taka fyrir.

Heiða Vestra: tekur undir með þetta frá Drangey.

Bjarni: tillaga til félagsgjalda. Hefur verið 2500kr á hvern iðkanda. Stjórn leggur til að þetta verði óbreytt. Félagsgjöld haldist óbreytt - samþykkt með öllum atkvæðum gegn 4 á móti.

Keppnisgjöld: haldist 1.000kr á 19 ára og eldri - samþykkt gegn 4 á móti.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 kynnt og tekin til afgreiðslu: samþykkt samhljóða.

11. Lagabreytingatillögur - viðauki 5. Lögð til breyting á greinum 22 og 24 á eignum félagsins við slit.

Skulu renna til ÍSÍ til varðveislu.

Lagabreytingatillaga við grein 22 - samþykkt samhljóða

Lagabreytingatillaga við grein 24 - samþykkt samhljóða.

Lögin borin fram í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

Engar aðrar tillögur eða önnur mál höfðu borist

12. Afreksstefnan tekin fyrir (viðauki 6) - engar athugasemdir. Samþykkt samhljóða af öllum þingfulltrúum.

13. Álit kjörnefndar - engin kjörnefnd starfandi frá síðasta þingi.

14. Kosning til stjórnar:

- Formaður: Bjarni Már Svavarsson er einn í framboði og telst því sjálfkjörinn.
- 2 í stjórn til 2ja ára: Elsa Gunnarsdóttir HFR og Guðfinnur Hilmarsson Tindi eru sjálfkjörin.
- 3 varamenn: Gunnlaugur Sigurðsson Bjarti, Helgi Berg Friðþjófsson BFH og Arnór Barkarson HFR. eru sjálfkjörnir.

15. 2 skoðunarmenn reikninga: Hannes A Hannesson Víking og Jón Gunnar Kristinsson HFR. Eru sjálfkjörnir.

16. Kosning fulltrúa og varafulltrúi á þing ÍSÍ: Lagt er til að það verði formaður og varaformaður/starfsmaður. Samþykkt.

17. Önnur mál:

Valdimar: Athuga að breyta orðalagi í lögum, ýmist talað um forseta/formann.

Jón Gunnar (Nóni): langar til að hvetja stjórn HRÍ til að hvetja félögin til að halda fleiri fjallahjólakeppnir og að fá félögin til að halda CX keppnir. Sjáum fram á góða tíma í sumar

Búa til hvata fyrir félögin til halda keppnir sem eru fámennari. Það þarf að kynna betur fjallahjólreiðar fyrir krökkum og unglingum og hvetja til þátttöku. Þakkar stjórn einnig fyrir góða störf og hvetur áfram til góðra verka.

Árni: hefur starfað með mótanefnd. Tekur undir með Nóna. Aðeins 3 XC mót á dagskrá fyrir sumarið sem er ekki nóg fyrir bikarmótaröð. Vantar fleiri mót í þennan flokk. Yfirleitt tiltölulega auðvelt að halda fjallahjólámót, þægilegt fyrir krakka í lokuðu/vernduðu umhverfi (í staðinn fyrir götuhamót).

María Sæm Breiðablik: tekur áskorun og ætla að halda bikarmót í XC í ágúst.

Jón Gunnar: skorar á Bjart og BFH til að sameinast til að halda keppni á svæðinu við Hvaleyrarvatn og þar um kring. Áfram allir!

Helgi Berg: tekur áskorun frá Jóni Gunnar og ætlar að setja sig í samband við Bjart og reyna að hafa XC mót í sumar.

Árni: hefur rætt skort á þessum mótum við fulltrúa þessara keppna. Þarf ekki alltaf að vera ný braut, má endurnýta sömu brautina aftur og aftur og jafnvel merkja hana vel þannig að hægt sé að æfa sig vel í henni.

Svanur Tindi: keppnisgögn. Biðlar til stjórnar til að koma að sameiginlegum búnaði upp á öryggi og keppnishald sem allir mótshaldarar geti gengið að. Gera handbók fyrir mótshaldara. Þjálfara námskeið - vill fá framhaldsnámskeið eins og af 1 stigs námskeiðinu hjá ÍSÍ.

Dómaranámskeið - halda sem allra fyrst. Að HRÍ taki meira upp hanskann fyrir hjólreiðafólk í fréttum landsins.

Bjarni: búnaðurinn. Er til kassi á skrifstofu HRI sem er með eitthvað af dóti fyrir hjólreiðamót. Vonumst til að bæta í þennan kassa. Dómaranámskeið verða núna um mánaðamótin mars/apríl. Eins með námskeið fyrir mótshaldara.

Gunnlaugur Bjartur: taka fyrir áskorun um xc mót. Halda nú þegar 10 mót (crit) á þessu ári, en verður tekið þá fyrir í stjórn fljótlega. Barna- og unglingastarf félaga er brotið. Alltof lítil endurnýjun eða nýliðun hjá krökkum og unglingum. Nánast eingöngu er krakka starf hjá BFH og HFR. Öll önnur félög þurfa að taka þetta til sín og bæta sig í þessu.

Davíð Þór HFR: hrósar Gunnlaugi fyrir sínar tillögur. Félög þurfa að vera dugleg að deila kröfum (þjálfurum, æfingum etc) í þessu starfi. Félög vinna sín á milli, þjálfra krakka þvert á félög og allir þurfa að standa saman í þessum málum.

Svanur: varðandi styrki fyrir barnastarfi þá þarf barnastarfið að vera til staðar til að fá styrki.

Rglugerð um úthlutun styrkja

Félagsgjöld minni félaga

Barnastarf - styrkir til hjá ýmsum aðilum fyrir slíku sem dæmi hjá ungmennafélögum. Stjórn HRI kanna það hvar er hægt að sækja þessa styrki fyrir barnastarfi.

Valdimar þakkar fyrir sig og gott þing og gefur þingformanni orðið.

Bjarni þakkar fyrir gott þing, verður boðað til formannafundar fljótlega. Verið að vinna í keppnisreglum og fleira.

18. Þingi slitið kl. 14.45